

# Fundargerð 2. fundar

## Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2018, miðvikudaginn 14. nóvember, kl. 12.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, Lovísa Traustadóttir, Garðar Smári Gunnarsson, Þórdís Kristinsdóttir Bakkmann, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður Þ. Ragnarsson, Helga Björg Arnarsdóttir og Rannveig Einarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Stefán Veturliðason verkefnastjóri mætti á fundinn.

1. Verkefnastaða.  
Stefán Veturliðason, verkefnastjóri fór yfir stöðu verkefnisins en áætluð verklok eru 24.apríl 2019. Stefán fór einnig yfir fjárhagsstöðu verkefnisins.
2. Farið yfir bréf frá velferðarráðuneytinu dagsett 3.október 2018 þar sem leyfi er veitt fyrir 33 nýjum hjúkrunarrýmum í gamla Sólvangi. Fram kom að bæjarstjóri mun óska eftir fundi með heilbrigðisráðuneyti varðandi breytingar á Sólvangi og rekstur nýrra hjúkrunarrýma.
3. Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu kynnti vinnu fyrri verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins, helstu verkefni, samskipti við velferðarráðuneytið, núverandi stöðu o.fl.

Fundi slitið kl. 13:30.